

## Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

**Heiti afurðar:** Varfærna safnið

**Framleiðandi afurðar:** Stapi lífeyrissjóður

**Vefsíða framleiðanda:** [www.stapi.is](http://www.stapi.is)

**Eftirlitsaðili:** Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

Lykilupplýsingaskjal þetta var útbúið þann 5. janúar 2024

## Hvers konar afurð er þetta?


**Tegund:** Varfærna safnið er ávöxtunarleið/sparnaðarleið í séreignardeild Stapa lífeyrissjóðs. Séreignardeild Stapa er vörsluaðili sem tekur við og ávaxtar iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í séreign samkvæmt II. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Aðild að séreignardeild byggir á samningi í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 698/1998. Sjóðfélagi í séreignardeild getur sagt upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara og flutt inneign sína til annars vörsluaðila.

**Markmið:** Markmið Varfærna safnsins er að ná jafnri og stöðugri ávöxtun með hóflegri áhættu, nánar tiltekið er stefnt að 4-7% árlegri ávöxtun og áhættu upp á 4-8%. Safnið er að stórum hluta fjárfest í skuldabréfum, einkum íslenskum ríkisbréfum og öðrum traustum innlendum skuldabréfum. Safnið hefur takmarkaðar heimildir til fjárfestinga í áhættusamari verðbréfum, s.s. hlutabréfum og erlendum verðbréfum.

**Fyrirhugaður almennur fjárfestir:** Varfærna safnið er hugsað fyrir þá fjárfesta sem vilja tryggja sér jafna og stöðuga ávöxtun, með hóflegri áhættu.

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

### Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út á að þú haldir afurðinni í 7 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 3 af 7, þ.e.a.s. meðallágur áhættuflokkur. Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með meðallágu stigi og ólíklegt er að slakar markaðsaðstæður hafi áhrif á getu okkar til að greiða þér.

Samantekinn áhættuvísir endurspeglar einungis sögulega þróun á markaðsáhættu afurðarinnar. Aðrir áhættuþættir, svo sem rekstraráhætta, stjórnmalaleg áhætta og sviksemisáhætta, sem ekki endurspeglast í samantekna áhættuvísinum gætu haft áhrif á afurðina. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni.

## Árangurssviðsmynd

Fjárfesting: 1.000 kr.				
Sviðsmyndir		1 ár	4 ár	7 ár
Álagssviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b>	621	3.281	5.501
	Meðalávöxtun á hverju ári	-37,9%	-7,8%	-6,0%
Óhagstæð sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b>	963	4.091	7.599
	Meðalávöxtun á hverju ári	-3,7%	0,9%	2,1%
Hófleg sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b>	1.057	4.605	8.795
	Meðalávöxtun á hverju ári	5,7%	5,7%	5,7%
Hagstæð sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b>	1.160	5.194	10.222
	Meðalávöxtun á hverju ári	16,0%	10,7%	9,5%

Þessi tafla sýnir þá fjárhæð sem þú gætir fengið til baka á næstu sjö árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 1.000 krónum á ári. Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni/afurðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa en ekki endilega allan kostnað sem ráðgjafa eða dreifingaraðila er greitt. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

## Hvað gerist ef Stapi lífeyrissjóður getur ekki greitt út?

Verði Stapi lífeyrissjóður ógjaldhæfur verða eignir varfærna safnsins nýttar til uppgjors skuldbindinga þess samkvæmt samningum við rétthafa að frádregnum kostnaði við slit/skipti. Skuldbindingar við rétthafa ganga framur skuldbindingum við aðra kröfuhafa við slíkar aðstæður en ekki er til staðar sérstakt bóta- eða ábyrgðarkerfi sem bætir tjón sem ógjaldhæfni Stapa kann að valda rétthöfum.

## Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfur í þrjú mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 1.000 krónum á hverju ári fyrir reglubundið iðgjald pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

## Kostnaður yfir tíma

Aðillinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Fjárfesting upp á 1.000 kr. á ári	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 4 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	0 kr	0 kr	0 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0%	0%	0%

## Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlagðs fjárfestingartíma.
- Merking mismunandi kostnaðarflokka.

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	n/a	Enginn inngöngukostnaður er innheimtur.
	Útgöngukostnaður	n/a	Enginn útgöngukostnaður er innheimtur.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,12%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,5%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	n/a	Engar árangurstengdar þóknanir eru innheimtar.
	Hlutdeild í hagnaði	n/a	Engin hlutdeild í hagnaði er innheimt.

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Varfærna safnið er einkum hugsað fyrir þá sem vilja fjárfesta og ávaxta séreignarsparnað sinn í u.þ.b. 10-15 ár eða skemur. Um úttekt hans gilda ákvæði II. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sparnaðinn má taka út við 60 ára aldur, þó ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá því fyrsta greiðsla barst sjóðnum. Hægt er að taka hann út í einu lagi eða dreifa honum á lengri tíma með mánaðarlegum greiðslum, allt eftir vali eigandans. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Vilji réttthafar koma kvörtun á framfæri vegna afurðarinnar geta þeir gert það og verður kvörtunin afgreidd samkvæmt reglum sjóðsins um meðferð kvartana. Kvörtunum er unnt að koma á framfæri með eftirfarandi hætti:

- Í gegnum heimasíðu sjóðsins: <https://www.stapi.is/is/um-sjodinn/abendingar>
- Með tölvupósti á netfangið [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is)
- Með hefðbundnum pósti: Stapi lífeyrissjóður, Strandgötu 3, 600 Akureyri

## Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Nánari upplýsingar um afurðina svo sem reglur og fjárfestingarstefnu er unnt að nálgast á heimasíðu Stapa [www.stapi.is](http://www.stapi.is) eða á skrifstofu sjóðsins.